

KIRKJUGARÐARÁÐ

6. fundur haldinn mánudaginn 10. febrúar 2003

kl. 11:00 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir skrifstofustjóri og formaður ráðsins, Smári Sigurðsson, fulltrúi Kirkjubings, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs og Kristín Huld Sigurðardóttir sem sat fundinn í fjarveru Margrétar Hallgrímsdóttur þjóðminjavarðar og ritaði fundargerð. Valtýr Valtýsson oddviti fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, hafði boðað forföll.

Gestir: Sr. Kristján Valur Ingólfsson formaður Helgisíðanefndar og Hjalti Zóphóniásson skrifstofustjóri í dóms-og kirkjumálaráðuneytinu.

1. Setning fundar

Ragnhildur Benediktsdóttir formaður setti fundinn og bauð gesti velkomna.

2.– 3. Útfararsíðir og útfararstofnanir

Fjallað var um útfararsíði og einkum útfararstofnanir. Smári og Þórsteinn kynntu tillögu sína um að settar verði síðareglur fyrir útfararstofnanir, svo sem tíðkast á Norðurlöndunum.

Hér á landi eru þær kröfur sem gerðar eru til þeirra sem reka útfararþjónustu lágar og engar reglur hafa verið settar um vinnu við flutning líka og aðbúnað þeirra í kistu. Borist hafa kvartanir vegna þjónustu sumra útfararstofna og markaðssetningar þeirra. Af þessum sökum séu síðareglur nauðsynlegar og jafnframt að skipuð verði málskotsnefnd sem myndi fjalla um mál sem upp koma vegna starfsemi útfararstofna. Útfararstofur hafa engin samtök og var rætt um hvort ekki væri nauðsyn á slíkum samtökum sem um leið tryggðu gæði þeirra útfararstofna sem ættu aðild að samtökunum.

Nokkur umræða varð um það ferli sem fer af stað við andlát og stendur yfir þar til jarðsetningu er lokið. Svo og um markaðssetningu og tilboð og tengsl þeirra stofnana og aðila sem þar koma að. Kristján Valur tók fram að allt innra eftirlit vegna framkvæmdar útfarar væri óvirkt. Einkum væri erfitt að halda utan um upplýsingar um hvar ösku er komið fyrir, þar sem ker eru ekki alltaf sett í helgan reit og eins er henni dreift án þess að dreifingarstaður sé skráður. Því sé nauðsynlegt að setja síðareglur um innra eftirlit með þessum þætti.

Varð niðurstaðan sú að beina því til dóms-og kirkjumálaráðuneytisins að skipuð verði þriggja manna málskotsnefnd með fulltrúum frá ráðuneyti, Biskupsstofu og borgara eða fulltrúa frá kirkjugarðasambandinu. Var framkvæmdastjóra falið að senda ráðuneytinu bréf, þar sem óskað væri eftir að skipuð yrði þriggja manna nefnd til að koma með tillögur að útfararsíðareglum. Í þessum reglum yrði gert ráð fyrir skipun málskotsnefndar um málefni útfararstofnana.

Kristján Valur og Hjalti viku af fundi að lokinni umfjöllun um útfararsíði og útfararstofnanir, en áður hafði Hjalti afhent bréf frá lögreglunni í Keflavík dags. 22. janúar 2003 um dreifingu ösku Bretans Bernard Stephenson í Illahrauni vestan Þorbjarnarfells við Grindavík. GPS-hnit á staðnum eru: 63°52,529'N og 22°27,936'V. Með bréfinu fylgdi vottorð dags. 28. nóvember 2002 frá útfararstofnuninni Mahony og Ward í Pudsey í Englandi sem sá um líkbrennsluna. Dianne McLaren og dóttir hennar komu með öskuna til landsins 17. janúar 2003 og var henni dreift sama dag.

Eftirfarandi upplýsingar fengust um hinn látna:

Nafn: Bernard Stephenson

Fæðingardagur: 14. júlí 1915

Dánardagur: 14. nóvember 2002

Heimili: 54 Thoresby Avenue, Bridlington, Yorks. U.K.

Líkbrennsla: 25. nóvember 2002 hjá Rawdon Crematorium, Leeds, U.K.

Nánasti ættingi: Dianne McLaren, Flat 12, 1 Nunthorpe Avenue, Scarcroft Road, YO23 1PF, York, Yorkshire, England.

4. Erindi frá kaþólska söfnuðinum í Reykjavík

Þórsteinn kynnti erindi sem hefur borist frá kaþólska söfnuðinum í Reykjavík, þar sem óskað er eftir að Kirkjugarðaráð veiti söfnuðinum fjárhagslegan stuðning við árlega umhirðu kirkjugarðs við Landakotskirkju. Í garðinum hvíla látnir prestar og nunnur sem starfað hafa á Íslandi. Umræddir aðilar greiddu ekki kirkjugarðsgjöld og hafa þar af leiðandi ekki lagt neitt í Kirkjugarðasjóð.

Voru þó nokkrar umræður um erindið. Niðurstaðan varð sú að óska eftir lögfræðilíti um það hvort Kirkjugarðasjóði bæri að greiða kostnað vegna umhirðunnar.

Þórsteini var falið að ræða við Árna Vilhjálmsson lögfræðing hjá LOGOS um að vinna álitid og tók Árni verkefnið að sér. Ragnhildi falið að skrifa Árna bréf og óska eftir að hann tæki málið að sér. Jafnframt skyldi Kirkjugarðasjóður rita söfnuðinum bréf þar sem fram kæmi að málið væri í athugun.

5. Erindi frá sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar v/Saurbæjar

Erindi frá sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar v/Saurbæjar þar sem sveitarstjórnin óskar eftir að Skipulagsnefnd kirkjugarða skipi aðila í nefnd sem á að fjalla um framtíð Saurbæjar. Var samþykkt að Guðmundur Rafn tæki sæti í nefndinni.

6. Stefnumótun

Formaður kynnti vinnuhefti um stefnumótun þjóðkirkjunnar og óskaði eftir að ráðsmenn svöruðu spurningum varðandi stefnumörkun sem eru í heftinu. Óskað var eftir að ráðsmenn gerðu það fyrir næsta fund sem verður 10. mars.

7. Önnur mál

- a) Þórsteinn gerði grein fyrir hve langt þeir Smári og Guðmundur Rafn væru komnir í stefnumörkunarvinnu vegna stjórnarsýslu kirkjugarða, en þar er m.a. gert ráð fyrir að

stórir kirkjugarðar verði sjálfbærir. Þórsteinn kynnti greinargerð sem þeir hafa samið og mun senda ráðsmönnum hana til yfirlestrar mjög fljótlega.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 13:15.

Ragnildur Benediktsdóttir,
formaður

Margrét Hallgrímsdóttir, ritari